

## Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni, Katrínu Jakobsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 1:</i>			
1. Við <b>I Skatttekjur</b>			
1.1.5.1 Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga . . . . .	35.000,0	10.500,0	45.500,0
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
2. Við <b>03-213 Varnarmál</b>			
a. 1.01 Varnarmál . . . . .	491,8	-491,8	0,0
b. 6.01 Tæki og búnaður . . . . .	42,0	-42,0	0,0
3. Við <b>03-217 Ratsjárstofnun</b>			
1.01 Ratsjárstofnun . . . . .	822,3	-411,1	411,2

### Greinargerð.

Hér eru lagðar til auknar tekjur ríkissjóðs og sparnaður í ríkisrekstri. Í annarri breytingartillögu sömu flutningsmanna er samhliða lagt til að aukið fé verði veitt til annarra mála-  
flokka. Lagt er til að skattur af fjármagnstekjum hækki úr 10% í 14% en að komið verði á frí-  
tekjumarki sem nemur 140.000 kr. á ári. Varlega er áætlað að það auki tekjur ríkissjóðs um  
10,5 milljarða kr. Þá er lagt til að öll þau útgjöld til hermála sem eru nýjung í fjárlagafrum-  
varpinu verði felld brott. Þar er um að ræða allan liðinn sem nefnist „Varnarmál“ og að auki  
helming þeirrar fjárhæðar sem ætlað er að renni til Ratsjárstofnunar, enda yrði hún m.a. notuð  
í hernaðarlegum tilgangi.